

Nokkur orð um tabulatorinn Runólf

Í júlí árið 1954 tóku Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurbæjar á leigu fremur sérstaka vél, lítinn tabulator eða talningavél, sem þá þegar var gamallar gerðar. Samt stóð hún vel fyrir sínu hátt í tvo áratugi. Hér verða tíndar saman upplýsingar um þessa vél, sem varðveist hefur sem safngripur í liðlega þrjá áratugi.

Í bókinni Upplýsingaiðnaður í hálfa öld – Saga Skýrr 1952-2002, er á bls. 46 birt neðangreind mynd af Einari Guðjónssyni, starfsmanni í sölubókhaldi Rafmagnsveitu Reykjavíkur, tottandi reykjarpípu sína sitjandi við talningarvélina Runólf eða Runka, sem svo var nefnd. Myndin er líklega tekin 1955 eða 6.



Ljósmynd: Óttar Kjartansson

Runólfur var talningavél – gat lesið upphæðir eða stærðir úr gatasþjóldum, allt að þremur svæðum samtímis, og talið saman. Aðra reiknigetu hafði vélin ekki. Niðurstöðutölur varð svo að lesa af teljurunum, sem voru þrjár talsins og sjást á myndinni, og rita á blað.

Í tilefni þess að Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur hefur nú tekið “Runólf” í vörslu sína væri gaman að geta gefið nánari upplýsingar um vélin en að framan greinir, en ekki er úr miklu að móa. Það litla sem undirritaður getur bætt þar um fer hér á eftir:

Vélin Runólfur var tekin í notkun upp úr miðju ári 1954, þegar Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurbæjar höfðu starfað í um tvö ár. Þá var fyrirtækið til húsa hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Tjarnargötu 12. Vélin var nær eingöngu notuð við daglegt greiðslu-uppgjör í þágu Rafmagnsveitunnar. Hún var þess vegna ekki tekin með þegar Skýrsluvélar fluttu úr Tjarnargötunni inn á Skúlagötu 59 í byrjun apríl árið 1957. Vélin þjónaði Rafmagnsveitunni áfram allt þar til ný tækni leysti hana af hólmi á árunum 1972-3. Ottó A. Michelsen tók þá Runólf í vörslu sína og á safni hans var vélin varðveitt þar til nú að Minjasafn Orkuveitunnar tekur við henni, sem áður segir.

Í fyrstu ársskýrslu Skýrsluvéla, dags. 25. janúar 1954 (sem spannaði raunar reksturinn fyrstu sextán mánuðina sem Skýrsluvélar störfuðu eða frá 1. september 1952 til ársloka 1953), greinir Hjörleifur Hjörleifsson, skrifstofustjóri Rafmagnsveitunnar, frá þeirri ákvörðun að taka “lítinn tabulator” á leigu, þar sem hann ræðir um aukningu vélbúnaðar (feitletrun undirritaðs):

Ennþá hefur ekki verið gengið frá samningi um aðra rit- og reiknivél (Tabulator), sem stjórnin hefur samþykkt að skuli fengin, og virðist mér æskilegt, að ákvörðun verði tekin um það hið fyrsta, en ekki stendur á öðru en að ákveða gerðina.

Hinsvegjar var á árinu gerður samningur um leigu á litlum Tabulator, \$30,00, á mánuði, sem er ætlað að taka ýmsa minni háttar talningu, og uppgjör, sem nú fer fram á aðal tabulatorinn, og verður það til mikils hagræðis að þurfa ekki að stöðva hann í stærri verkum fyrir slíka ígripavinnu.

Í næsta ársreikningi Skýrsluvéla um árið 1954 er að finna eftirgreindan kostnaðarlið:

Júlí 12. Kostnaður af Tabulator, innfl. kr. 946,90

Hér er “Runki” lifandi kominn svo ekki verður um villst – þetta er kostnaður vegna innflutnings hans. Með hliðsjón af þessari færslu má ætla að hann verið tekinn í notkun um eða upp úr 12. júlí 1954.

Nafnið Runólfur hefur líklega orðið til vegna þess hvernig vélin vann. Í gegn um vélinu voru sendar “runur” af gataspjöldum, þegar greiðsluuppgjörin var unnið. Vélin var því einskonar “runólfur”, þ.e. hún “runaði” spjöldum í gegn um sig. Runki er svo auðvitað alþekkt stytting á nafninu Runólfur.

Vart þarf að taka fram að vélin var ekki “skrifandi”. Niðurstöður talninga þurfti því eins og áður segir að lesa af teljurunum utan á vélinni og færa á blað. Vélin var “forrituð” með útskiptanlegu tengiborði, þar sem innihaldi allt að þriggja tiltekinna svæða í gataspjaldinu mátti beina í teljarana þrjá eftir vali.

(Drög rituð í september 2002. Óttar Kjartansson)

Heimildir:

Ársskýrslur Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurbæjar um árin 1953 og 1954.

Samtal við Lilju Ólafsdóttur, starfsmann Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1967-1976.

Óttar Kjartansson: Upplýsingaiðnaður í hálföld – Saga Skýrr 1952-2002.